



Umhverfis- og orkustofnun

Matthildur B. Stefánsdóttir

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Garðabær, 28.2.2025

Málsnúmer: 202502-0037

IAS

Efni: Umsögn um umsókn Thor landeldis um nýtingarleyfi á grunnvatni

Vísað er í erindi frá Umhverfis- og orkustofnun, dagsett 10. febrúar 2025, þar sem óskað var eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um umsókn Thor landeldis um nýtingarleyfi á grunnvatni við Laxabraut, Ölfusi.

Thor landeldi ehf. sækir um nýtingarleyfi fyrir 15.000 l/s á jarðsjó og 500 l/s ferskvatni fyrir uppbyggingu á 20.000 tonna fiskeldi á nýtingarsvæði félagsins í Sveitarfáluginu Ölfusi. Sótt er um leyfi til 29 ára.

Óskað er eftir að nýtingarleyfinu verði skipt í þrjá áfanga, þannig að leyfið nú fyrir fyrsta áfanga veiti heimild til hámarksnýtingar á 300 l/s af ferskvatni og 3.800 l/s af jarðsjó, en ákvörðun um nýtingu fyrir áfanga tvö og þrjú uppbyggingu eldisstöðvarinnar mun verða byggð á reynslu og rannsóknum sem mun fást við rekstur og nýtingu fyrsta áfanga eldisstöðvarinnar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér umsóknina. Ljóst er að ekki eru fordæmi fyrir viðlíka grunnvatns-vinnslu á einu svæði á landinu og að viðbrögð grunnvatnskerfisins verða veruleg við vinnslunni.

Í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 17. júlí 2024 segir um leyfisveitingar og skilyrði:

„Með vísan til umfjöllunar um áhrif á grunnvatn að framan telur Skipulagsstofnun að í leyfi Orkustofnunar til grunnvatnsvinnslu Thor landeldis þurfi að setja skilyrði um uppbyggingu grunnvatnsvinnslunnar. Mikilvægast er að byggja starfsemina upp í áföngum og að ekki verði hafist handa við næstu áfanga fyrr en niðurstöður vöktunar af fyrri áfanga liggja fyrir og sýnt þykir að grunnvatnsgeymirinn þoli aukna vinnslu. Setja þarf fram skýr viðmið sem og aðgerðar- og viðbragðsáætlun ef niðurdráttur grunnvatns eða selta fer út fyrir sett viðmiðunarmörk. Til að unnt verði að vakta áhrifin þarf að setja skilyrði um að ráðist verði í rannsóknir á jarðfræði og vatnafari svæðisins, t.d. með hliðsjón af tölusetnum ábendingum í viðauka með sérfræðiáliti Magnúsar Tuma Guðmundssonar prófessors, sbr. kafla 3.1.1 hér að framan.“

Náttúrufræðistofnun tekur undir álit Skipulagsstofnunar og telur að með leyfi um grunnvatnsnýtingu innan sveitarfélagsins Ölfuss þurfi Orkustofnun að setja skilyrði um vöktun og viðbrögð við áhrifum á grunnvatn.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur